

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 26. september 2024 klukkan 11:02

Titill

Jólakötturinn og uppruni hans

Höfundur

Guðmundur Ólafsson (1948)

Tímarit

Árbók Hins íslenska fornleifafélags

86. árg., 1989

Megintexti


Bls. 111-120

Vefslóð

<https://timarit.is/gegdir/991004433099706886>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.



Mynd 1. Teikning Tryggva Magnússonar af jólaköttinum (úr bókinni *Jólin koma*).

GUÐMUNDUR ÓLAFSSON

JÓLAKÖTTURINN OG UPPRUNI HANS

Hver er jólakötturinn?

Allir Íslendingar munu kannast við jólaköttinn, þá voðalegu skepnu sem situr um að taka og éta þá vesalinga sem eru svo óheppnir að fá enga flíkina á jólnum.

Fyrrum var jólakötturinn hræðilegur ógnvaldur sem börnin óttuðust allra kvikinda mest. Það var eðlilegt þegar örbirgðin var mikil og alls óvíst um nokkurn jólaglaðning. Má fara nærri um alla þá sálarangist sem jólakötturinn olli hjá kynslóð eftir kynslóð fátækra barna um allt land. Þeim eldri þótti það óbærileg skömm að fara í jólaköttinn. Óttinn við jólaköttinn olli því að að reynt var að sjá til þess að allir fengju einhvern fatnað á jólnum. Að minnsta kosti var það haft að yfirvarpi. Eftir því sem velmegun hefur aukist, hefur sú ógn sem stafaði af jóla-

kettinum dofnað verulega. Enn virðist hann þó eiga nokkuð sterk ítök í hugum manna, enda þótt hann sé orðinn meinlausari en áður og éti ekki lengur börn. Í dag eru börnum sagðar sögur af jólakettinum fyrir jólin, og í skólum eru þau látin klippa litla jólaketti út í pappa.

En hver er hann þessi gamli barnaskelfir og hvernig er hann til Íslands kominn? Þrátt fyrir það að jólakötturinn sé alþekkt fyrirbæri og nánast jafn sjálfsagður í jólaumræðunni og jólasveinarnir, virðist uppruni hans vera flestum gleymdur. Mér er ekki kunnugt um að nokkuð hafi verið reynt að grafast fyrir uppruna hans, fyrr en Árni Björnsson þjóðháttufræðingur gerði tilraun til þess í ágætri bók sem út kom árið 1983, og heitir „Í jólaskapi“, en þar gerir hann einmitt grein fyrir hinum ýmsu síðum sem tengjast jólahaldi.

Því miður finnst mér umfjöllun Árna á sumum jólasíðanna ekki rista nægilega djúpt. Hann hefur reynt að skýra margflókin þjóðsöguleg fyrirbæri með aðferð skynsemistrúarmannsins, sem verður til þess að hann lendir sums staðar á villigötum og dregur til dæmis alrangar ályktanir um tilurð jólakattarins. Í bókinni gerir hann fremur lítið úr hlut kattarins og hefur á öðrum vettvangi jafnvel gengið svo langt að þykjast hafa gengið af jólakettinum dauðum.

Parna er ég Árna algerlega ósammála, enda tel ég að jólakötturinn eigi kyn sitt að rekja til kauða nokkurs sem ekki verður svo auðveldlega kveðinn niður, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir mætustu manna gegnum aldirnar.

Áður en ég geri nánari grein fyrir hugmyndum mínum um uppruna jólakattarins, er rétt að athuga hvað Árni hefur um hann að segja í bók sinni. Þar hljóðar frásögnin á þessa leið:

Þau munnmæli komust inn í þjóðsögur fyrir rúmum hundrað árum, að þeir sem enga nýja flik fengju á jólnum, færu í *jólaköttinn* eða „klæddu jólaköttinn“.

Þessi munnmæli virðast ekki reist á neinum íslenskum arfsögnum, heldur hafa borist hingað frá Noregi einhvern tímann á síðustu tvö hundruð árum. Þar er það reyndar *jólageitin*, sem menn þurfa að óttast á líkan hátt, ef þeir fá enga flikina, eða þá að þeir verða að þola annars konar háðung, sem líka er tilgreind í íslensku munnmælunum, til dæmis að bera hrútshorn fullt af hlandi og skvetta úr því í rúmið sem þeir voru fæddir í.

En þar sem geitur voru óvíða til á Íslandi á síðustu öld og alveg óþekktar sem neins konar óvættir, þurfti að finna nafn á einhverri annarri skepnu, sem hljómaði ekki ólíkt jólageit. Og einhver hefur fundið upp jólaköttinn, enda eru t. d. urðarkettir alkunnir í íslenskri þjóðtrú sem viðsjálgripir. Og eftir að þessi jólaköttur var einu sinni kominn á prent, hefur mikið verið hugsað, talað, ort og skrifað um hann.¹

1. Í jólaskapi, bls. 64.

Jólahafur – jólaköttur

Eins og fram kemur hjá Árna þá mun jólakötturinn okkar og jólageitin norska vera af sama stofni. Á því leikur ekki nokkur vafi. En þegar að því kemur, að útskýra hvers vegna jólageit, sem reyndar á að vera geithafur, verður að jólaketti hér á landi, gleymir Árni þessum uppruna og býr til kenningu í dæmigerðum skynsemistrúarstíl, um að geitaskortur og viðsjálir urðarkettir hafi valdið þessari nafnabreytingu. Þessi kenning er afar langsótt og alveg úr lausu lofti gripin. Ég tel að henni verði að vísa algerlega á bug og að nærtækara sé að leita skýringa annars staðar, til dæmis með því að rekja feril jólahafursins, og sjá hvað þá kemur í ljós.

Heilagur Nikulás og púkinn

Við skulum því sem snöggvast láta okkur hverfa einar 6 - 7 aldir aftur í tímann, en um það leyti var mikill átrúnaður á heilögum Nikulásí meðal kristinna þjóða. Nikulás mun hafa verið biskup í borginni Myra í suðvesturhluta Litlu-Asíu á 4. öld eftir Krists burð, og var tekinn í dýrlingatölu eftir dauða sinn. En heilagur Nikulás var meðal annars, eins og kunnugt er, verndari allra barna. Því var það, að á degi heilags Nikulásar, sem er 6. desember, var oft einhver látinn klæðast gervi dýrlingsins, ganga um og útbýta gjöfum meðal barna, líkt og afkomandi hans Sankti Kláus er látinn gera í dag.²

En það sem athyglisverðast er í þessu sambandi er það, að á þessum ferðum hafði hann iðulega í fylgd með sér hlekkjaða veru í púkagervi. Púki þessi sem gjarnan var klæddur í svarta sauðargæru, eða eitthvað ámóta, fór á kostum í kringum dýrlinginn og skemmti áhorfendum með hrekkjum og skringilegum uppátækjum.³

Nikulás hafði að sjálfsögðu fullt taumhald á þessum hlekkjaða bandingja sínum, þótt óstýrilátur væri, og þannig voru þeir félagarnir, Nikulás og púkinn, í raun lifandi tákn kirkjunnar um vald hins góða yfir hinu illa.

Púkinn klofnar

Þessi púki, fylgisveinn heilags Nikulásar, er reyndar ættfaðir margra ferðuvera sem tengdar eru jólahaldi víða um Evrópu, og of langt mál

2. Í jólaskapi, bls. 148, Saga daganna, bls. 89.

3. Árets fester, bls. 174-175.



Mynd 2. Gömul glansmynd af heilögum Nikulási í biskupskrúða, en rauða biskupskápan er fyrirmyndin að hinum rauða búningi alþjóðlega auglýsinga- (jóna)sveinsins.

væri að telja upp hér. Meðal þeirra er jólahafurinn á Norðurlöndum, og að mínu álitni einnig jólakötturinn hér á landi.

Hvernig þúkinn hefur klofnað í mismunandi afleiddar myndir á vafalaust að miklu leyti rætur sínar að rekja til þess ruglings sem skapaðist í sambandi við jólasíði á 16. öld, þegar mótmælendur gerðu gangskör að því að kveða niður dýrlingatrú katólskunnar. Þá fundu mótmælendur meðal annars upp á því, að láta Jesúbarnið taka við hlutverki heilags Nikulásar, að færa börnunum gjafir, þannig að gjafir til barnanna voru nú láttnar tengjast fæðingu Jesú, og í þeim félagsskap var þúkanum að sjálfsögðu algerlega ofaukið.⁴

En vinsældir þeirra Nikulásar meðal almennings voru slíkar, að ógerlegt reyndist að útrýma þeim með tilskipunum. Í stað þess að hverfa af sjónarsviðinu og falla í algera gleymsku, blönduðust þeir einfaldlega saman við aðra jólasíði sem fyrir voru á hverjum stað, og fengu þá stundum alveg ný hlutverk og gátu þannig birst í hinum furðulegustu myndum. Hvert og eitt þessara klofningshlutverka er raunar merkilegt rannsóknarefni, sem hvergi nærri hafa verið rakin til hlítar og skal hér því aðeins stiklað á nokkrum atriðum sem tengjast þessari frásögn.

Ágætt dæmi um þennan bræðing er að finna í jólasíðum sem tengjast heilagri Lúcíu. Í Svíþjóð mun hlutverk Nikulásar að nokkru leyti hafa flust yfir á Lúcíu, sennilega með þýskum innflytjendum á 17. eða 18. öld. En Lúcía hafði áður þótt vera hið versta forað, í ætt við Lúcífer, og gæti þess vegna vel verið eitthvað skyld

4. Árets fester, bls. 201.

henni Grýlu okkar, eins og Árna hefur raunar líka dottið í hug. Lúcíunóttin, sem nú ber upp á 13. desember, var upphaflega lengsta nótt ársins samkvæmt júlíanska tímatalinu og þá nótt brugðu myrkraöflin vitanlega á leik. Þess má einnig geta að í fylgd heilagrar Lúcíu var oft grímubúin vera sem lék púka.

Djöflakötturinn, hinn týndi hlekkur

Púkinn hans Nikulásar er að minnsta kosti til í tveimur afleiddum myndum á Norðurlöndum. Sú þekktari er jólahafurinn, og alkunna er að klaufir hans og horn hafa löngum verið talin einkenni púka og djöfla.

En það er hin afleidda myndin sem er mikilvægari í því sem hér er til umræðu og er rétt að huga betur að henni. Það kemur nefnilega í ljós að púkinn hefur líka verið til í kattarlíki víðar en á Íslandi, og þá fara nú tengslin við jólaköttinn nokkuð að skýrast.

Rétt er rekja þetta aðeins nánar. Á meginlandi Evrópu var það gömul trú, að Djöfullinn og púkar hans birtust gjarnan í kattarlíki, og í Hollandi er einmitt eitt af mörgum heitum Djöfulsins „Duivekater“ sem þýðir nánast djöflaköttur, eða köttur djöfulsins, og margt bendir til þess að það hafi verið eitt af uppnefnum púkans sem fylgdi heilögum Nikulási.⁵

Eins og áður sagði varð mikil uppstokkun og blöndun á jólasíðum eftir siðaskiptin, og upp frá því hafa þeir Nikulás skotið upp kollinum í ýmsum myndum.

Í Hollandi og Þýskalandi tóku menn t.d. upp á því, að baka sérstakt brauð sem nefnt var „Duivekater“, og borðað var fyrir jólin. Þannig verður púkinn þarna að táknrænu brauði.

Þetta brauð barst síðan með innflytjendum til Svíþjóðar, og er þar sama brauðið og heilög Lúcíu er látin bjóða upp á á Lúcíudaginn 13. desember. Enda nefnist þetta brauð þar í landi „Dövelskatt“, eða „Lusse-katt“, eins og nú er algengast.

Þetta samhengi milli brauðsins og púkans verður reyndar alveg rökrétt, ef maður minnst þess að hlutverki Nikulásar hafði að nokkru leyti verið velt yfir á Lúcíu, eins og áður sagði. Púkinn og Nikulás fylgjast þar enn að, þó að í breyttri mynd sé.

Ég tel að þarna sé einmitt kominn týndi hlekkurinn sem vantaði til þess að tengja jólaköttinn okkar við uppruna sinn, því að það virðist

5. Årets fester, bls. 174-175.



Mynd 3. Teikning úr sænskri barnabók „Petters och Lottas Jul“, eftir Elsu Beskow. Þar er lýst sænskum jólasíðum frá um 1840. Á myndinni sést hvar jólahafurinn kemur með gjafirnar, en börnin reyna að fela sig undir borðinu. Þarna hafa Nikulás og púkinn sameinast í einum skapnaði.


varla nokkur vafi geta leikið á því, að hinn evrópski „Djöfulsköttur“ og hinn íslenski Jólaköttur séu í raun sama skepnan sem báðir eiga ættir sínar að rekja til sama forföður: þ.e. óþæga púkans hans Nikulásar.

Og þar með verð ég líka að mótmæla annarri fullyrðingu í bók Árna Björnssonar „Í jólaskapi“, en þar segir hann, að ótal afbrigði séu þekkt af þeim félögum (Nikulási og púkanum) víðs vegar um Evrópu - nema hér á Íslandi.⁶ Ég vil hins vegar halda því fram, að nú sé búið að finna afbrigði púkans hér á landi, og að það sé jólakötturinn okkar.

Jólakötturinn og jólahafurinn eru aðeins tvö afbrigði ótal margra af sama stofni, en nafngiftin bendir kannski frekar til þess að jólakötturinn hafi fremur borist til Íslands frá Hollandi eða Þýskalandi en í gegnum Noreg eða Svíþjóð. Ekki verður fullyrt neitt um það hér.

Í bók Árna Björnssonar segir að munnmæli um jólaköttinn hafi komist inn í þjóðsögur fyrir rúmum hundrað árum. Ég tel líklegt að jóla-

6. Í jólaskapi, bls. 149.



Mynd 4. Teikning af „Lussekatt“ sem er sænskt jólabrauð með saffrani og rúsinum. Teikning: Guðmundur Ólafsson.

kötturinn sé mun eldri í íslenskri þjóðtrú, þó ekki hafi varðveist um hann ritaðar heimildir. Mig langar til þess að reyna að leiða að þessu nokkur rök og legg fram eftirfarandi tilgátu um það hvernig hann hefur getað borist hingað til landsins í öndverðu.

Sæmundur fróði og púkinn

Heilagur Nikulás var í miklum metum hér á Íslandi fyrr á öldum, ekki síður en á meginlandi Evrópu. Til marks um vinsældir hans hér má geta þess, að rúmlega 40 kirkjur voru helgaðar honum. Hina fyrstu þeirra er Sæmundur hinn fróði talinn hafa stofnað. Sæmundur var uppi á árabílinu 1056 – 1133, og um það bil er hann var við nám í Svartaskóla er Nikulásardýrkun í hámarki þar um slóðir. Þar hlýtur Sæmundur óhjákvæmilega að hafa kynnst þeim vinsæla sið, að láta heilagan Nikulás leiða púka sér við hlið. Víst er að Sæmundur hefur haft miklar mætur á heilögum Nikulási, og hefur ef til vill hrifist af hinni táknrænu merkingu hins hlekkjaða púka, sem sýnir auðvitað að hinn góði dýrlingur hefur fullt taumhald á útsendurum hins illa.⁷

Þess er sérstaklega getið í Sturlungu, að það var háttur Sæmundar Jónssonar í Odda, sem var sonarsonarsonur Sæmundar fróða að halda veisludag á Nikulásarmessu og bjóða til öllu stórmenni í sveitinni. Ekki

7. Í jólaskapi, bls. 149.

er greint frá því hvaða skemmtan þar fór fram, að öðru leyti en að þar var drukkið fast og talað margt.⁸


Þetta bendir til þess að lengi hafi eimt eftir af hefðbundinni Nikulás-ardýrkun í Odda, og styður að Sæmundur fróði sé einmitt sá sem flutt hafi fylgisvein Nikulásar með sér til Íslands á selnum forðum. Allar sögurnar um baráttu hans og hrekki við Kölska og púka hans, geta að einhverju leyti átt rót sína að rekja til þess, að Sæmundur hafi reynt að innleiða þennan sið á Íslandi í veislum sínum á Nikulásarmessu, og því orðið fyrstur manna hér til að klæðast gervi Nikulásar. Þá hefur hann auðvitað haft einhvern hrekkjótta púka sér við hlið, sem hann gat tuktað til að vild. Er ekki að efa, að slíkt tiltæki hafi vakið mikla athygli hér uppi á Íslandi og verið lengi í minnum haft og getað orðið kveikja að mörgum góðum sögum, ekki síst ef almenningur hefur meira eða minna misskilið boðskapinn. Það er að minnsta kosti mjög skemmtileg tilhugsun að hugsa sér Sæmund fróða fara á kostum í gervi heilags Nikulásar, með púkann í bandi sér við hlið.

Hugsanlega hefur þessi siður fallið niður eða blandast öðrum jólasíðum við siðaskiptin hér á landi, svipað og gerðist með öðrum þjóðum. Sögurnar um Sæmund og púkann hafa hins vegar varðveist meðal almennings. En það gæti líka verið að siðurinn hafi borist hingað að nýju síðar, til dæmis með þýskum eða hollenskum kaupmönnum. Eins og áður sagði þá eiga jólasíðir sér mjög flókna sögu sem oft er erfitt að henda reiður á, vegna þess að þegar þeir flytjast milli svæða, vilja þeir blandast og aðlagast síðum og venjum sem fyrir hendi eru til þess að falla inn í hugmyndaheim fólksins á hverjum stað og hverjum tíma.

Niðurstaða

Niðurstaða þessa máls hlýtur í stuttu máli að vera sú, að jólahafurinn norski og jólakötturinn okkar séu báðir afsprengi púkans sem fylgdi Nikulási forðum og var tákn hinna illu afla í heiminum. Slík tákn getur verið erfitt að kveða niður, jafnvel þó að uppruninn sé löngu gleymdur. Enda er það líka alveg ástæðulaust. Hvort sem jólakötturinn hefur borist til landsins með Sæmundi fróða eða einhverjum öðrum, hefur hann fyrir löngu öðlast traustan sess í menningarsögu okkar og vona ég að hann muni lifa áfram í vitund þjóðarinnar lengi enn.

8. Sturlunga saga I, bls. 265.



Mynd 5. Á Stóruborg undir Eyjafjöllum fannst þessi gríma við fornleifarannsókn. Ef til vill hefur þúki Nikulásar borið samskonar grímu. Ljósmynd: Guðmundur Ólafsson.

Grein þessi er að stofni til erindi sem flutt var í Félagi íslenskra safn-
manna 1. febrúar 1984, og birtist í Jólalesbók Morgunblaðsins árið 1985
en er nú prentuð hér með nokkrum viðaukum.

HEIMILDIR

Árni Björnsson: *Saga daganna. Háttíðir og merkisdagar á Íslandi og uppruni þeirra*. Reykjavík 1977.

Árni Björnsson: *Í jólaskapi*. Reykjavík 1983.

- Beskow, Elsa: *Petters och Lottas jul*. 1980.
Eskeröd, Albert: *Årets fester*. Halmstad 1970.
Jóhannes úr Kötlum: *Jólin koma*. Reykjavík 1943.
Jón Árnason: *Íslenzkar hjóðsögur og ævintýri I-VI*. Reykjavík 1954-1961.
Sturlunga saga I. Reykjavík 1988.

SUMMARY

The origin of the Christmas cat

Every Icelander is familiar with the story of the *Jólaköttur*, or Christmas cat, a fearful creature who takes and eats any children unfortunate enough not to have received any article of clothing for Christmas. The present article attempts to throw light on the this creature's origins, and begins by dismissing the theory put forward by folklorist Árni Björnsson in 1983 that the Icelandic Christmas cat has its origin in the Norwegian Christmas goat, and is a relatively recent importation. Instead, the author argues that both derive from a devil or imp-like figure who commonly accompanied figures representing St Nicholas in pageants celebrating the saint's feast day (6 December) in Europe during the middle ages. The author points out that the devil is often thought to appear in the shape of a cat, and that a kind of bread is still eaten in Holland before Christmas known as „*duivkater*“ – literally the devil's cat.

St Nicholas was also popular in Iceland during the middle ages. *Sæmundur inn fróði* („the wise“) is known to have studied in Paris in the late 11th century and built the first church in Iceland to be dedicated to St Nicholas. Icelandic folklore also credits *Sæmundur* with a number of dealings with the devil. These may, the author suggests, be traceable to his attempts to introduce European customs regarding Nicholas – including the Christmas cat – into Iceland.

English summary: Matthew James Driscoll